

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í Skyrgerðinni, mánudaginn 10. desember 2018, kl. 17:00.

Mætt voru: Friðrik Sigurbjörnsson, Ingibjörg Zoega, Sandra Sigurðardóttir, Nína Kjartansdóttir og Sigurður Ásgeirsson. Jakob Fannar Hansen boðaði forföll.

Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

## Dagskrá:

### 1. Úthlutunarreglur Varmahlíðarhússins

Drög að endurskoðuðum úthlutunarreglum fyrir listhúsið, Varmahlíð, samþykktar og lögð fyrir bæjarstjórn.

### 2. Varmahlíðarhús úthlutun - kynning

Menningar- og frístundafulltrúi kynnti umsóknir um dvöl listamanna í listamannahúsi bæjarins, Varmahlíð fyrir árið 2019. Nefndin samþykkti hverjir fá að dvelja í Varmahlíð árið 2019. Menningar og frístundafulltrúa falið að kynna úthlutun til þeirra listamanna sem fá úthlutað.

### 3. Íþróttamaður Hveragerðisbæjar 2018.

Formaður og menningar- og frístundafulltrúi kynntu samantekt um afrek íþróttamanna sem eru með lögheimili í Hveragerði. Nefndin ákvað hverjir hljóta viðurkenningar og útnefningu sem íþróttamaður Hveragerðis 2018.

Athöfnin verður haldin föstudaginn 28. desember kl. 17:00 í Listasafni Árnesinga.

### 4. Ungmennaráð – nefndarmenn

Auglýst var eftir nefndarmönnum í ungmennaráð bæjarins. Þrjú ungmenni hafa gefið kost á sér. Áætlað að fyrsti fundur nefndarinnar verði í janúar 2019.

**Fundargerð lesin og samþykkt.** Fundi slitið kl. 18:05

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign)

Ingibjörg Zoega, (sign)

Sigurður Ásgeirsson, (sign)

Nína Kjartansdóttir, (sign)

Sandra Sigurðuardóttir, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)